



VINSTRI GRÆN

–vegur til framtíðar

Stjórnsýsla

Stjórnsýsla í sveitarfélaginu á að vera hagkvæm, markviss og aðgengileg öllum íbúum sveitarfélagsins. Skrifstofa sveitarfélagsins skal leitast við að þjóna öllum íbúum þess sem best. Fyllsta hagræðis skal gæta í rekstri sveitarfélagsins og tryggja að kostnaður aukist ekki á komandi kjörtímabili. Leggja skal áherslu á gott utnumhald í fjármálum og að starfsfólk á skrifstofu sveitarfélagsins vinni náið með forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum stofnana. VG í Borgarbyggð vill kanna kosti þess að einfalda skipurit sveitarfélagsins.

Jafnrétti kynjanna

Sveitarfélagið skal fylgja jafnréttisstefnu. VG hefur skýra jafnréttisstefnu og telur að jafnrétti á öllum sviðum ætti að vera sjálfsagt. Raunin er hinsvegar sú að fylgjast verður grannt með að jafnrétti sé í raun innan stjórnsýslunnar, og lagfæra jafnóðum það sem miður fer. Gera þarf úttekt á því hvort kynjajafnréttis sé gætt við mat á störfum til launa. VG í Borgarbyggð mun gæta kynjajafnvægis við skipan í nefndir og krefst þess að sveitarfélagið geri slíkt hið sama við breytingar í starfsmannahaldi og á launakjörum.

Lýðræði

VG í Borgarbyggð telur mikilvægt að tryggja og auka íbúalýðræði í sveitarfélaginu. Í þeim tilgangi viljum við auka samvinnu við grasrótarfélög, svo sem hverfasamtök. Auk þess verði í samþykktum sveitarfélagsins gert ráð fyrir að ákveðið hlutfall almennings geti krafist almennrar atkvæðagreiðslu í mikilvægum og umdeildum málum.

VG vill auka áhrif barna á samfélagið. Skoða þarf möguleika á að efna til árlegs íbúapings barna og ungmenna í þessum tilgangi.

Samstarf við önnur sveitarfélög

Vinstrihreyfing grænt framboð telur mikilvægt að Borgarbyggð eigi sem víðtækast samstarf við nágrannasveitarfélög. VG í Borgarbyggð telur ekki þörf á sameiningu við önnur sveitarfélög, en sjálfsagt er að skoða málið óski nágrannasveitarfélög þess. VG í Borgarbyggð leggur til að sveitarfélög á Vesturlandi sameinist um að taka yfir ýmsa þjónustu sem nú er rekin af ríkinu.

Fjármál sveitarfélagsins

Ekki er útlit fyrir að unnt verði lækka álögur á íbúa á komandi kjörtímabili.

Lækka verður nettóskuldir sveitarfélagsins á hvern íbúa. Til að það sé hægt þarf að stuðla að fjölgun íbúa í sveitarfélaginu en hagræðing í rekstri og bætt eftirlit með honum þarf að tryggja að rekstur sveitarfélagsins verði í jafnvægi á árinu 2011 og skili afgangi það sem eftir lifir kjörtímabils.

Tekin verði upp svokölluð samráðsstjórnun þar sem gerðir verði rammasamningar við stofnanir Borgarbyggðar. Í samningnum verði þeim úthlutað fjármagni og verkefnum til eins árs í senn, í samræmi við fjárhagsáætlun. Fjármálastjóri skal fylgjast náið með útgjöldum allra stofnana og gæta þess að meðferð fjármuna sé í samræmi við fjárhagsáætlun.

Gæði þjónustu ráða miklu um það hvar einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir setjast að. Við val á sparnaðaraðgerðum verður að hafa það að markmiði að sem minnst sé dregið úr grunnþjónustu. Spara má verulega í innkaupum með því að fylgja umhverfissvænni innkaupastefnu og nýta hluti

til fulls. Sameiginleg innkaup stofnana sveitarfélagsins eru líkleg leið til að lækka verð og auðvelda yfirsýn yfir reksturinn. Með auknu samráði við almenna starfsmenn skal stefnt að bættri kostnaðarvitund þeirra og hagkvæmari rekstri.

Veitur í sveitarfélaginu

VG í Borgarbyggð vill að samningur við Orkuveitu Reykjavíkur verður endurskoðaður með það að markmiði að tryggja sem víðast í sveitarfélaginu aðgang að veitum á samkeppnishæfu verði.

Eignasjóður

Umhirða útisvæða, gatna, gangstétta, snjómokstur í þéttbýli og reglulegt viðhald fasteigna í eigu sveitarfélagsins skulu áfram boðin út líkt og verið hefur.

Starfsmenn eignasjóðs skulu sinna tilfallandi viðhaldi á eignum og útisvæðum sveitarfélagsins. Leitað skal leiða til að bæta nýtingu félagsheimila í sveitarfélaginu, hvort sem sú nýting skilar tekjum í formi peninga eða í bættum lífsgæðum íbúa sveitarfélagsins.

Eignarhluti sveitarfélagsins í fyrirtækjum

Almennt skal sveitarfélagið standa utan við rekstur fyrirtækja á samkeppnismarkaði. Þó skal ekki gerð breyting á eignarhlut sveitarfélagsins í Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahöfnum, nema verulegar breytingar verði á markaðsumhverfi þessara fyrirtækja þannig að menn telji óumdeilt að hagsmunum sveitarfélagsins verði betur borgið með breyttu eignarhaldi.

Markaðs- og kynningarmál

Starf kynningarfulltrúa verði gert markvissara og samstarf eflt við félög, fyrirtæki og stofnanir sem reiða sig á mikla og jákvæða kynningu sveitarfélagsins

Heimasíða sveitarfélagsins á að vera öflugur upplýsingamiðill um málefni þess. Haldið verði áfram að bæta aðgengi að stjórnsýslunni í gegnum heimasíðuna.

Atvinnumál

Í atvinnumálum er hlutverk sveitarfélagsins fyrst og fremst að tryggja hagstæðar aðstæður til atvinnuuppbyggingar og styðja við nýsköpun. Sveitarfélagið hefur ýmis ráð til þess og er t.d. sjálfsagt að nýta annars ónotað húsnæði í eigu þess í þeim tilgangi. Einnig á sveitarfélagið að skipta við fyrirtæki úr Borgarbyggð sé það hagstætt og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti.

Atvinnuleysi er bölg sem skemmir innviði samfélagsins, því er mikilvægt að sveitarfélagið kappkosti að gera þeim sem misst hafa vinnuna kleift að taka fullan þátt í samfélaginu. Vinnumálastofnun stendur fyrir átaksverkefnum í samvinnu við félög, fyrirtæki og opinbera aðila til að veita fólki í atvinnuleit tímabundna atvinnu. VG vill að Borgarbyggð leggi þessu átaki vinnumálastofnunar lið og bjóði atvinnuleitendum eftir megni þátttöku í atvinnuátaksverkefnum. Verkefnin skulu vera vinnuafslrek, skila ávinningi fyrir samfélagið en vera ódýr í rekstri að verkefninu loknu auk þess skal kostnaður við aðföng vera í lágmarki.

Það er skoðun VG í Borgarbyggð að leggja beri áherslu á vistvæna atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Efla þarf atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu öllu og verja þau störf sem fyrir eru.

VG í Borgarbyggð telur afar mikilvægt að standa vörð um háskólana í héraðinu

Jafnframt skal sveitarfélagið beita sér fyrir því af öllu afli að hér sé komið á fót sem fjölbreyttastri starfssemi sem styrkir starf og rekstur háskólanna.

VG vill verja landbúnað í héraðinu og efla hann sé þess kostur. Jafnframt vill framboðið styðja við nýbreytni í landbúnaði og efla aðra atvinnuvegi í dreifbýli. VG í Borgarbyggð vill að landbúnaður sé rekinn á vistvænan hátt, að gætt sé að velferð búsmala, að borgfirskur uppruni landbúnaðarafurða verði nýttur við markaðssetningu þeirra og að nýting landbúnaðarlands verði bætt með nýjum búgreinum og skipulögð með landnýtingaráætlunum.

Borgarbyggð er rómuð fyrir náttúrufegurð. Hér eru margir vinsælir ferðamannastaðir og enn fleiri staði mætti kynna almenningi. Segja má að hér séu óþrjótandi möguleikar á uppbyggingu þjónustu fyrir ferðamenn. Sveitarfélagið á að leggja sitt að mörkum til að svo megi verða með þátttöku í uppbyggingu aðstöðu á vinsælum ferðamannastöðum.

Gert verði átak í merkingu og kortlagningu gamalla göngu og reiðleiða. Verkefnið verði unnið í nánu samstarfi við landeigendur og félagasamtök. Með því að tengja gamlar þjóðleiðir við núverandi gistipjónustu er hægt að skapa áhugaverðan kost í ferðapjónustu.

Stefnt skal að í samvinnu við ferðamálasamtök og hagsmunaðila að gefa út nokkur göngu- og reiðleiðakort af þjóðleiðunum.

Sparisjóður Mýrasýslu

VG í Borgarbyggð hvetur Alþingi til þess að láta fara fram óháða rannsókn á því hvað leiddi til falls Sparisjóðs Mýrasýslu.

Umhverfis - og skipulagsmál

Umhverfismál

Umhverfismál eru eitt mikilvægasta viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga. Einmitt núna er einstakt tækifæri til að byggja upp samfélag í takt við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þar sem áhersla er lögð á jafnan og hóflegan vöxt og jafnvægi samfélags, efnahags og umhverfis. Til þess þarf að gera umhverfisvænan lífstíl að auðveldum valkosti og efla umhverfisfræðslu.

Við alla ákvörðunartöku skal sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi.

Sveitarfélaginu verði sett metnaðarfull markmið með Staðardagskrá 21 og kapp lagt á að ná þeim fram. Forsenda þess að svo megi verða er að almenningur sé vel upplýstur og geri markmið staðardagskrár að sínum, hvort sem er í leik eða starfi.

Í víðfeðmu sveitarfélagi með nokkrum þéttbýliskjörnum, sumarbústaðabyggð og landbúnaðarsvæðum, er erfitt að búa til eina algilda stefnu í umhverfismálum sem gildir fyrir þéttbýli og dreifbýli. Í Borgarnesi eru aðrar umhverfisáherslur en t.d. í Hvítársíðu. Því er lagt er til að sveitarfélaginu verði skipt upp í fimm landsvæði og fyrir hvert svæði verði útbúin sérstakur kafli í Staðardagskrá 21 í samvinnu við íbúa landsvæðanna. Lagt er til að hvert svæði setji sér að minnsta kosti tíu markmið í umhverfismálum sem reynt verði að ná á kjörtímabilinu. Svæðin verði:

1. Kolbeinsstaðahreppur og Mýrar.
2. Borgarnes.
3. Norðurárdalur og Stafholtstungur.
4. Hvítársíða, Hálsasveit, Reykholtisdalur og Flókadalur.
5. Lundareykjadalur, Bæjarsveit og Andakíll.

VG telur mikilvægt að eyða mink í Borgarbyggð, enda er dýrið mikill skaðvaldur í íslenskrí náttúru.

Haldið verður áfram að veiða tófu í samstarfi við hagsmunaaðila og samvinnu við veiðimenn sem hafa reynslu í veiðunum. VG leggur til svæðisbundnar aðgerðir þar sem verja þarf hagsmuni eins og varp og klakstöðvar fiska. Eðlilegt er að hagsmunaaðilar taki þátt í kostnaði við verkefnið.

VG telur mikilvægt að stuðla að uppbyggingu Votlendisseturs Íslands á Hvanneyri. Votlendissetrið er kjörinn staður til fræðslu skólabarna um náttúruvernd og endurheimt votlendis.

VG vill að sveitarfélagið leiti allra leiða til að draga úr sorpmagni og að allur lífrænn úrgangur verði enduruninn eða notaður til jarðgerðar. Hvatt er til heimajarðgerðar úr lífrænum úrgangi og þeim umbunað sem hana stunda.

Stefnt skal að því að rekstur friðlanda og þjóðskóga verði í umsjón sveitarfélagsins. Landsvæðin eru mjög mikilvæg fyrir ferðaþjónustu í Borgarbyggð og er því mikilvægt að gæta þess að þau verði ekki fyrir skemmdum vegna umferðar ferðamanna. Ríkisstofnanir sem sjá um svæðin í dag hafa ekki getað komið í veg fyrir skemmdir á náttúruperlunum. Lagt er til að gerður verði samningur við landeigendur eða staðkunnuga um eftirlit með svæðunum, sem jafnframt tryggir atvinnu og ábyrgð heimamanna.

Umhverfi Kleppjárnsreykja þarf að lagfæra, það er ekki ásættanlegt að næsta umhverfi við Grunnskóla Borgarfjarðar sé hættulegt skólabörnum.

Útlit er fyrir að bið verði á að nýju deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð í Brákarey verði hrint í framkvæmd. Því er lagt til að núverandi húsnæði í eyjunni verði lagfært og það boðið undir sprotafyrirtæki. Gera þarf átak í að hreinsa til í eyjunni.

Skipulags- og byggingarmál

Skipulag sveitarfélagsins þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Kynna þarf ný drög að aðalskipulagi Borgarbyggðar fyrir íbúum. Við gerð skipulags skal ávallt leitast við að taka tillit til sem flestra sjónarmiða og hagsmuna þannig að það nái sem best tilgangi sínum. Deiliskipulag þéttbýlisstaða er nytsamlegt tæki til að stýra þróun þeirra. Áhersla verði lögð á að þéttbýlisstaðir sveitarfélagsins séu vistlegir staðir fyrir íbúa og gesti. Staðirnir hafa hver sitt sérkenni og við deiliskipulagsgerð verði kappkostað að viðhalda þeim sérkennum og þróa. Þannig ættu flestir að geta fundið bústað við sitt hæfi í sveitarfélaginu.

Borgarnes byggir á gömlum merg sem höfuðstaður héraðsins. VG vill efla og styrkja Borgarnes í því hlutverki. Gert verði deiliskipulag fyrir nýjan miðbæ á kjörtímabilinu með það að markmiði að þar að verði andlit bæjarins og miðstöð þjónustu líkt og tíðkast í miðbæjum.

Nauðsynlegt er að endurskoða deiliskipulag af núverandi íbúðabyggð við Brákarsund. Svæðið gæti orðið miðja neðribæjarins og góður staður til að fræða ferðamenn um áhugaverða staði í Borgarbyggð. Mikilvægt er að útbúa góðan göngu- og hjólastíg frá Brákarbraut og meðfram strandlengju Borgarvogarins. Góður stígur með bundnu slitlagi nýtist ferðamönnum og íbúum Borgarnes og er um leið góð tenging á milli ferðamannastaða á svæðinu.

Samgöngur

Brýnt er að bæta verulega umferðaröryggi í Borgarnesi vegna legu þjóðveg 1. Mikil umferð um veginn í gegnum þéttbýlið veldur slyshættu og heftir umferð gangandi og hjólandi fólks. Til að bæta úr þessu þarf að útbúa undirgöng undir þjóðveg 1 við leikskólann Klettaborg.

Skoða þarf fleiri kosti við endurskipulagningu stofnveg 1 í gegnum Borgarnes. Athuga þarf umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðrar færslu þjóðveg 1 um Borgarfjörð s.s. hljóðvist í nágrenni hans við Sandvík og sjónræn áhrif af lagningu vegarins úti í firðinum.

Bæta þarf aðkomu að Borgarnesi. Svæðið milli þjóðveg 1 og Digranesgötu þarf að snyrta sem fyrst.

Til að tryggja búsetu sem víðast í sveitarfélaginu er nauðsynlegt að bæta vegakerfið. Mikilvægt er að Hvítá verði brúuð milli Bæjarsveitar og Stafholtstungna til að bæta samgöngur innan héraðsins. Lögð verði áhersla á að tengivegir á Mýrum og í uppsveitum Borgarfjarðar verði lagfærðir og lagði bundnu slitlagi.

Lagfæra þarf veginn inn Lundarreykjadal yfir Uxahryggi til að tryggja betri samgöngur innan sveitar og við Suðurland og þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Gerð verði úttekt á þörf á og kostnaði við skólarútu fyrir nemendur Menntaskóla Borgarfjarðar í dreifbýli til Borgarness. Jafnframt verði athugaður kostnaður við að breyta núverandi skólaakstri í almenningssamgöngur og unnið að því að afla því fylgis að ríkið taki eðlilegan þátt í kostnaði við slíkar samgöngur.

Brunavarnir

Unnið skal samkvæmt nýsamþykktri brunavarnaáætlun fyrir héraðið. Áfram skal unnið að því að bæta aðgengi að vatni á stöðum þar sem þörf er fyrir slíkt.

Fjölskyldumál

Fræðslumál

Samfélag sem horfir fram á veginn setur skóla- og menntamál í forgang. Öllum má ljóst vera að góðir skólar eru grunnur góðs mannlífs. Í Borgarbyggð hafa verið byggðir upp góðir skólar á öllum skólastigum. Nauðsynlegt er að standa vörð um starfsemi þeirra og skapa þeim svigrúm til frekari þróunar. Skólafólki úr öllum skólum sveitarfélagsins þarf að gefast kostur á að miðla sín á milli þekkingu á hugmyndafræði og kennsluháttum. Með því að hlúa að skólunum vill VG tryggja það að börnin öðlist góða menntun sem verði þeim haldgott veganesti.

Leik- og grunnskólar

Nauðsynlegt er að hver skóli búi yfir faglegu frelsi og geti nýtt sérstöðu sína, t.d. hvað varðar umhverfi, mannafla og menningu. Með því að skólarnir nýti nærumhverfi sitt til kennslu eflist þekking nemenda og tilfinning fyrir samfélagi sínu, sögu þess og náttúru. VG vill sjá skólana starfa samkvæmt hugmyndafræði Grænfánans. Stefna ber að því að nánasta umhverfi skólanna sé aðlaðandi og leiksvæði sem náttúrulegast.

“Lengi býr að fyrstu gerð.” Starfið innan leikskólanna hefur áhrif á framtíð fjölda einstaklinga. VG í Borgarbyggð telur að leikskólar eigi að vera gjaldfrjálsir þannig að öll börn í sveitarfélaginu geti nýtt sér þjónustu þeirra. Sú framtíðarsýn verður þó aðeins að veruleika með aðkomu ríkisins eða með auknum tekjum sveitarfélaganna. Barnafjölskyldur þurfa að hafa örugga leikskólavist allan daginn þannig að möguleiki sé á að stunda fulla vinnu. Heimilt verði að skrá barn í leikskóla hluta úr viku og greiða samkvæmt því.

Halda skal áfram að brúa bilið milli leik- og grunnskóla.

Stefna ber að því að grunnskóli, tónlistarskóli, frístundaskóli og íþróttastarf myndi eina heild. Leggja skal áherslu á að auka tengsl skólanna og samfélagsins. Æskilegt er að koma á samstarfi milli eldri borgara og grunn- og leikskóla, þar sem ólíkar kynslóðir miðla hvor annarri af reynslu sinni. Í öllu skólastarfi þarf að taka tillit til sérstöðu hvers einstaklings. Til þess þarf að skapa svigrúm.

Hollar og næringarríkar máltíðir eru undirstaða árangursríks skólustarfs. Skólamatur þarf að uppfylla þau skilyrði. Afar æskilegt er að bjóða upp á staðgóðan morgunmat í skólunum. Nemendum verði búnaðar viðunandi aðstæður til að matast innan skólanna. Æskilegt er að nota hráefni úr héraði og huga að hagræðingu með sameiginlegum innkaupum skólanna.

VG vill halda úti starfstöðvum grunnskóla í Borgarnesi, á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og í Varmalandi. Tryggja þarf nemendum vestast í sveitarfélaginu skólavist í Laugargerði. Í sameiningarferli Grunnskóla Borgarfjarðar og Varmalandsskóla ber að skoða hvort einfalda megi þá vinnu skólastjórna sem ekki telst til faglegra þátta skólustarfsins. Skólastjórar í sveitarfélaginu fá t.d. aukna aðstoð sérfræðinga við fjármálastjórnun. Skoða þarf hvort hagræða megi í rekstri leikskóla með því að sameina yfirstjórnir. Leita skal allra leiða til að nýta sérþekkingu starfsmanna innan skólanna, þannig að hagræða megi t.d. hvað varðar aðkeypta sérfræðipjónustu.

Í þeim aðhaldsaðgerðum sem óhjákvæmilegar eru skal í lengstu lög standa vörð um það sem næst nemandanum stendur, hvort sem um er að ræða búnað eða mannafla. Skoða skal möguleika á sameiginlegum innkaupum á námsgögnum sem börnum í 1.-5. bekk er gert að koma með í skólann. Þannig má ná fram hagræðingu í þágu foreldra. Sveitarstjórn þarf að berjast fyrir því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði ásættanlegan hluta kostnaðar við skólaakstur.

Tónlistarskóli

Aðgengi að tónlistarskóla með fjölbreytta námsmöguleika er eitt af því sem hefur mikil áhrif á hvar fólk velur sér að búa. Auk þess að veita börnum mikilvægt uppeldi, er tilvist atvinnufólks í tónlist forsenda öflugt tónlistarlífs í héraði. Tónlistarskóli Borgarfjarðar er góður skóli og hefur unnið hér ómetanlegt starf. Það starf þarf að verja þó sveitarfélagið eigi í tímabundnum fjárhagserfiðleikum.

Vinstrihreyfingin grænt framboð hefur það á stefnuskrá sinni að tónlistarnám sé öllum aðgengilegt óháð efnahag og búsetu. Mikilvægt er að Tónlistarskóli Borgarfjarðar bjóði áfram upp á tónlistarkennslu í grunnskólum dreifbýlisins. Eðlilegt er að ríkið greiði kostnað við tónlistarnám á framhaldsstigi líkt og annað framhaldsskólanám. Þar til það verður að veruleika verður sveitarfélagið að leita allra leiða til að gera hæfileikaríkem ungmennum sem það vilja, kleift að mennta sig til starfa á sviði tónlistar.

Framhaldsskólar

Menntaskólinn í Borgarnesi er góð viðbót við skólana í Borgarbyggð og treysta ber grunninn sem þar er byggt á. Auðvelda verður nemendum úr dreifbýli að sækja MB. Leiðir til þess eru almenningssamgöngur um héraðið, skipulagður skólaakstur eða heimavist við skólann. Einnig þarf að stuðla að því að komið sé á fót heimavist. Áfram skal stefnt að aðild að Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, enda fari þar fram kennsla í verknámsgreinum fyrir nemendur úr sveitarfélaginu.

Háskólar

VG lítur á háskólana sem eina af meginstoðum samfélagsins. Því er nauðsynlegt að standa vörð um þá og búa þeim vænlegt starfsumhverfi. Stuðla ber að samstarfi milli ólíkra skólastiga í sveitarfélaginu. Þannig geta grunnskólarnir nýtt þá þekkingu sem býr í háskólunum. Einnig ber að hafa í huga að góðir leik- og grunnskólar eru forsenda fyrir aðsókn í háskólana. Nauðsynlegt er að tengja háskólana atvinnulífinu í héraðinu, sem og umhverfinu öllu.

Félagsleg þjónusta

VG leggur áherslu á markvissa og öfluga félagsþjónustu í Borgarbyggð. Markmið félagsþjónustu er að tryggja félagslegt öryggi og að íbúar hafi vísan stuðning vegna framfærslu þegar önnur úrræði eru ekki fyrir hendi.

Aldraðir

Tryggja þarf að aldraðir geti búið sem lengst á sínum heimilum, m.a. með því að eiga kost á öflugri heimilishjálpi. Einnig þarf að tryggja viðeigandi búsetukosti fyrir hvern og einn. Í Borgarbyggð eru starfandi öflug félög eldri borgara. Búa þarf þeim félögum fastan samastað fyrir

fjölbreytta starfsemi s.s.vinnustofur fyrir handverk af ýmsum toga, námskeið og fundi. Skapa þarf vettvang þar sem samfélagið fær notið þekkingar og reynslu þeirra sem komnir eru á efri ár. Má þar nefna samvinnu grunn- og leikskóla við félög eldri borgara. Huga ber að ferðamálum aldraðra, t.d. að gefa þeim kost á að nýta ferðir skólabíla. Afar brýnt er að útvega fjármagn til byggingar Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi.

Læknisþjónusta

Nauðsynlegt er að berjast fyrir bættri læknisþjónustu í héraðinu.

Fólk með fötlun

Sveitarfélagið þarf að sjá til þess að fólk með skerta hreyfigetu eigi greiðan aðgang að húsnæði Borgarbyggðar. Jafnframt skal hafa að leiðarljósi að fatlaðir eigi möguleika á að fara um samgöngumannvirki í sveitarfélaginu. Málefni fatlaðra munu að öllu óbreyttu færast til sveitarfélaga á næsta ári. VG mun kappkosta að standa vörð um hagsmuni fatlaðra, og búa þeim skilyrði til fullgildrar þátttöku í samfélaginu.

Atvinnuleysi

Mikilvægt er að fylgjast með þróun mála varðandi atvinnuleysi og auðvelda fólki að hefja störf á nýjan leik. Sérstaklega er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að ungt fólk festist í lífsmynstri atvinnuleysis. Skoða ber möguleika á að virkja krafta fólks í atvinnuleit við verkefni tengd umhverfismálum og nýsköpun. VG telur það hlutverk sveitarfélagsins að styðja markvisst við lágtekjuhópa.

Íþrótt- og tómstundamál

Öflugt tómstundastarf er afar mikilvægt í hverju samfélagi. Í Borgarbyggð er það starf að mestu skipulagt af almenningi og mest öll vinna við það unnin í sjálfboðavinnu. Hlutverk sveitarfélagsins er að styðja þá starfsemi. Einkum er mikilvægt að sveitarfélagið styrki barna- og ungmennastarf og félagsstarf eldri borgara og fatlaðra. Mikilvægt er að gæta jafnræðis þegar stuðningur er ákveðinn. Æskilegast er að tengja íþrótt- og tómstundastarf barna og unglunga við grunnskóla svæðisins, einkum í dreifbýlinu. Öflugt tómstundastarf ungmenna er góð forvörn gegn einelti, vímuefnaneyslu og annarri áhættuhegðun, einkum þegar öll fjölskyldan tekur þátt í starfinu. Þar er farsælast að virkja krafta íbúanna og vilja þeirra til að bæta eigin líf og sinna nánustu.

Menningarmál

Lifandi menning styrkir og bætir hvert samfélag. Í sveitarfélaginu okkar hefur menningin blómstrað um aldir. Hér er mikil þátttaka í öllu menningarstarfi áhugamanna og á síðari árum hefur atvinnumennska verið að aukast í menningarlífinu. Nauðsynlegt er að gera þann arf, ásamt sögu svæðisins, sýnilegan þannig að íbúarnir og gestir héraðsins fái notið enn betur. Hlutverk sveitarfélagsins er að styðja og styrkja íbúana til menningarstarfsemi í sinni fjölbreyttustu mynd. VG vill sinna þessu hlutverki svo sem nokkur kostur er.